

Stjórn byggðasamlags Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita
52. fundur
Haldinn í Aratungu, 26. apríl 2018
og hófst hann kl. 09:00

Fundinn sátu:

Árni Eiríksson Aðalmaður, Björgvin Skafti Bjarnason Aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson Formaður, Helgi Kjartansson Aðalmaður, Nanna Jónsdóttir Aðalmaður og Halldóra Hjörleifsdóttir Aðalmaður. Þá sátu fundinn Pétur Ingi Haraldsson, Ingibjörg Harðardóttir, Berglind Sigurðardóttir skipulagsfulltrúi, Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Pétur Ingi Haraldsson, Framkvæmdstjóri

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2017 - 1804077

Lagður fram til samþykktar ársreikningur Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita fyrir árið 2017. Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps fór yfir helstu atriði ársreikningsins.

Ársreikningur er samþykktur

2. Samstarfs- og þjónustusamningur við Héraðsskjalasafn Árnesinga: Skönnun og frágangur byggingarmála - 1804071

Lögð fram drög að samstarfs- og þjónustusamningi við Héraðsskjals Árnesins um skönnun og frágang mála frá skipulags- og byggingarfulltrúa. Til að byrja með verður áherslan á eldri mál byggingarfulltrúa. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 2,5 milljónir á ári, 2018-2020.

Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi drög að samstarfs- og þjónustusamningi og felur formanni stjórnar að skrifa undir hann f.h. byggðasamlagsins þegar sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna hafa staðfest afgreiðsluna.



3. Ársskýrsla 2016 - 1701018



Lögð fram til kynningar ársskýrsla Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. fyrir árið 2016.

4. Starfsmannamál - 1804087

Stjórn byggðasamlagsins vill þakka Pétri Inga Haraldssyni fyrir vel unnin störf í þágu aðildarsveitarfélaganna þau 12 ár sem hann hefur verið við störf og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30



Björgvin Skafti Bjarnason



Árni Eiríksson